



# FRÉTTABRÉF

## Líffræðifélags Íslands



---

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Agnar Ingólfsson, Blöndubakka 15

1. árg. 2. tbl. febrúar 1980

---

### Næsti fyrirlestur

Þriðjudaginn 12. febrúar n.k. flytur Jóhann Pálsson erindi á vegum félagsins, sem hann nefnir "Taxónómískar rannsóknir á nokkrum íslenskum grösum", en Jóhann hefur unnið að þessum rannsóknum í nokkur ár og eru þær liður í doktorsnámi hans við háskólann í Uppsöllum. Jóhann er nú forstöðumaður Lystigarðsins á Akureyri, en starfar jafnframt við Náttúru- og gripasafnið þar. Erindið verður haldið í stofu 158 í húsi verkfræði og raunvísindadeildar, Hjarðarhaga 2-4 og hefst kl. 20.30.

### Ráðstefna

Nokkuð hefur verið um það rætt að halda ráðstefnu á vequm félagsins í haust um afmarkað líffræðilegt efni. Mætti hugsa sér að ráðstefnan stæði í einn dag, t.d. fyrirlestrar fyrir hádegi og umræður síðdegis. Viðfangsefnið eru næg og virðist ekki fráleitt að stefna að því að um árleqan viðburð verði að ræða. Stjórn félagsins vill hér með auglýsa eftir ábendingum um heppilegt viðfangsefni fyrir slíka ráðstefnu, er halda mætti í haust.

## Um ensk-íslenska líffræðiorðaskrá

Lengi hefur skortur á orðasafni í líffræði staðið mönnum og fræðum fyrir þrifum, bæði í námi og starfi. Öllum er þetta ljóst, margir hafa rétt þetta, en lítt aðhafst á opinberum vettvangi. Nefna ber þó atriðsorðaskrár í ýmsum bókum.

Ljóst er að íslensk fræðiorð eru víða til yfir erlend (ensk) hugtök, en hvergi á einum stað í aðgengilegum búningi. Brýn þörf er á því að safna þessum orðum saman í eina skrá og koma þeim þannig á framfæri.

Ég hef lengi haft áhuga á því að vinna að framgangi þessa máls og vil nú kanna undirtektir manna. Hef ég hug á að gera spjaldskrá yfir aðgengilegustu fræðiorðin í almennri líffræði. Mun ég byggja frumval hugtaka á ensk-enskri orðaskrá í líffræði (E.A. Martin: A dictionary of life sciences. Pan Books Ltd. 1976) með nauðsynlegum viðbótum. Gæti sú orðaskrá er þannig raðaðist upp talið 4000 - 5000 ensk hugtök, sem algengust mega teljast. Ég legg áherslu á að hér verði fyrst og fremst um almenn hugtök að ræða en ekki t.d. tegundaheiti. Reynt verður að finna þeim sem flestum íslensk heiti. Ennfremur vil ég benda á að hér verður fyrst og fremst um söfnun orða að ræða, sem þegar eru til í málinu yfir líffræðihugtök, en ekki nýyrðasmíð. Mörg hugtök hafa hlotið fleiri en eitt íslenskt heiti. Reynt verður að safna þeim sem flestum og kynna þau, án þess að leggja mat þar á nema að litlu leyti.

Framhald þessa starfs yrði væntanlega fjölritun orðaskrárinnar í tilraunaútgáfu og síðan að taka við ábendingum og tillögum manna þar að lútandi.

Vera kann að þá ætti að koma á laqqir eins konar mála-nefnd til að samræma orðanotkun og fjalla um nýrði, sem víða hljóta að fæðast.

Ég hef rætt við ýmsa aðila um fyrirhugaða orðasöfnun og fengið jákvæðar undirtektir.

Ver má að einhverjir hafi þegar hafið störf að þessu og vildi ég gjarnan ná sambandi við þá. Góð ráð og ábendingar eru einnig vel þegin.

Með kveðju

Hálfðán Ómar

Háaleitisbraut 109

sími 30050

(einnig í Menntaskólanum í

Reykjavík)

### Árshátíð?

Stungió hefur verið upp á því að félagið gangist fyrir árshátíð á næstunni í beim tilgangi "að auðvelða samband og skoðanaskipti milli félaga sinna" (sbr. 2. gr. laga félagsins). Hefur hugmyndin fengið góðan hljómgrunn, og mun reynt að hrinda henni í framkvæmd fái stjórnin umtalsverða hvatningu.